


SAMORKA

SLYSASKRÁNING ORKU- OG VEITUFYRIRTÆKJA

LEIÐBEININGAR



HVERNIG SKAL STANDA AÐ SKRÁNINGU SLYSA?

Markmið hvers orku- og veitufyrirtækis er að sérhver starfsmaður komi heill heim að loknum vinnudegi. Til þess að svo megi verða, kappkosta fyrirtækin að þjálfa starfsfólk og fræða um slys og slysavarnir.

Ef slys verður, þá er mikilvægt að standa rétt að öllum viðbrögðum, hlúa að viðkomandi og kalla til þá hjálp sem við á. Ef um alvarlegt slys er að ræða skal hringja í 1 1 2 og lýsa nákvæmlega því sem gerst hefur. Einnig skal strax tilkynna slysið til Vinnueftirlits á viðkomandi svæði. Ef um rafmagnsslys er að ræða skal tilkynna það til Mannvirkjastofnunar (MVS) sem hefur eftirlitshlutverk með rafmagnsslysum.

Tilgangur þessa bæklinga er að leiðbeina orku- og veitufyrirtækjum um skráningu slysa og annarra atburða sem tengjast öryggis- heilsu og vinnuverndarmálum. Skráningin þarf að vera kerfisbundin og flokkuð þannig að draga megi lærdóm af atburðum til forvarnar og að miðla upplýsingunum til starfsfólks.

Samorka mælir með því að öll orku- og veitufyrirtæki skrái öll slys en einnig öll atvik sem tengjast öryggis- heilsu og vinnuverndarmálum (ÖHV) og haldi sérstakt skráningarkerfi, samanburðarhæft við kerfi annarra orku- og veitufyrirtækja og hæft til vinnslu á samanburðartölfræði. Einnig að viðbrögð við slysum og skráningu þeirra séu æfð svo og samskipti við aðstandendur þess slasaða og hugsanleg áfallahjálp sé skipulögð með kunnáttufólki á því sviði.

Skráningar eru flokkaðar eftir eðli atviks sem skráð er. Skráningar varða alla starfsemi fyrirtækisins og alla einstaklinga sem koma á eða tengjast starfssvæði þess, þ.e.a.s. starfsmenn, verktaka, viðskiptavinir og gesti.

HELSTU FLOKKAR SKRÁNINGA

Slys á starfsmanni

Slys á starfsmanni í vinnutíma, hvort sem slysið veldur fjarveru eða ekki. Nauðsynlegt er að rannsaka ítarlega ástæður slysa og góð aðferð er að nota s.k. rótargreiningu til að finna raunverulegar ástæður slysa en þær liggja ekki alltaf í augum uppi.

Vinnutími telst vera frá því starfsmaður kemur á starfssvæði fyrirtækisins og þar til hann yfirgefur það.

Bílastæði við starfsstöð telst hluti af starfssvæði fyrirtækisins.

Umferðarslys í ferðum vegna starfsemi fyrirtækisins flokkast sem vinnuslys.

Fjarvera vegna slyss telst vera þegar starfsmaður mætir ekki til vinnu af völdum þess a.m.k. einn dag af næstu sjö almanaksdögum eftir atvikið.

Æskilegt er að skrá frítímaslys sem starfsmenn verða fyrir þar sem þeir eru tryggðir af atvinnurekanda og eru á launum í fjarveru ef um slíkt slys er að

ræða. Fjarveruslys í frítíma reiknast ekki með í H-tölu, sjá kaflann Tölfræði. Sama gildir um slys til og frá vinnu, t.d. hjólreiðaslys.

Hættulegt tilvik (næstum-slys):

Atvik sem hefði getað orðið að slysi. Athuga ber að hættuleg tilvik geta verið alvarlegri atburðir en slys. Æskilegt er að rótargreina hættuleg tilvik þar sem oft má læra mikið af slíkum atvikum og nýta í forvarnarskyni.

Hættulegur búnaður:

Tæki og búnaður, sem vegna skorts á hlífum, rangrar uppsetningar, bilunar eða af öðrum orsökum getur valdið skaða við notkun.

Hættulegt verklag:

Verklag þar sem tækjum eða búnaði er ranglega beitt, öryggisbúnaður ekki notaður, vinnureglum ekki fylgt eða önnur háttsemi sem getur leitt til óhappa eða slysa.

Hættulegar aðstæður:

Aðstæður sem tengjast ekki beint tækjum eða búnaði en geta verið áhættuþáttur. Dæmi um þetta eru hálka á bílplani eða vont veður.

Vinnuumhverfi starfsmanna:

Hér er átt við aðstæður á vinnustað, sem geta valdið starfsmönnum óþægindum. Dæmi er t.d. hitastig, loftgæði, hávaði og titringur.

TÖLFRÆÐI

Slysatíðni (H-200/LTIFR) reiknast út frá vinnustundafjölda starfsmanna fyrirtækisins síðastliðna 12 mánuði. Fjöldi vinnustunda teljast unnar stundir án orlofs og veikindaleyfa. H-tölu skal reikna út frá föstum starfsmönnum fyrirtækjanna. H-200 reiknast þannig: Fjöldi fjarveruslysa x 200.000 vinnustundir / heildar vinnustundir.

TILKYNNINGAR TIL YTRI AÐILA VIÐ SLYS

Eftirfarandi aðilum skal ávallt senda tilkynningu og/eða hafa samband við. Mikilvægt er að tilkynna á réttan hátt því annað getur skaðað hugsanlegan bótarétt viðkomandi starfsmanns.

		Alvarlegt slys	Önnur slys
112	Símtal og tölvupóstur	x	Mat
Mannvirkjastofnun (ef rafmagnsslys)	Símtal og tölvupóstur	x	Skila þarf skýrslu um öll rafmagnsslys til MVS
Vinnueftirlit	Símtal og tölvupóstur	x	Mat
Vinnueftirlit	Skýrsla	x	Mat
Sjúkratryggingar Íslands	Skýrsla	x	Ef útlagður kostnaður
Tryggingafélag fyrirtækisins	Skýrsla	x	Mat

Útlagður kostnaður af lækniþjónustu vegna vinnuslysa fæst endurgreiddur hjá fyrirtækjum gegn afhendingu kvittana. Jafnframt þarf hinn slasaði að skila inn áverkavottorði (læknisvottorð vegna slyss) frá þeim lækni eða heilbrigðisstofnun sem leitað var til fyrst eftir slys.

Rétt er að benda á að ef um skaða er að ræða sem getur leitt til bótaréttar, þá þarf hinn slasaði samkvæmt tryggingalögum, sjálfur að tilkynna tjón sitt til tryggingafélags innan árs frá atviki eða innan árs frá þeim tíma sem ljóst er að um varanlegan skaða er að ræða.